

Kröfur þær, sem hreppsnefnd kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjalddaga, og eru gjöld þessi tryggt með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveðrétti fyrir hvers konar samnings- og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 15. jan. ár hvert.

Gjaldið greiðist oddvita hreppsins eða þeim, sem hreppsnefnd felur innheimtu þess.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum, sekt þessi rennur í sveitarsjóð. Mál út af broti gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Seyluhrepps í Skagafjarðarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

Greiðslur sjúkrasamlaga á lyfjakostnaði eru því aðeins heimilar samkvæmt eftirfarandi, að fyrir liggi lyfseðill læknis (tannlæknis), sem afgreiddur hefur verið í lyfjabúð eða af öðrum aðilum (læknum), sem rétt eiga eða leyfi hafa til lyfja-sölu samkvæmt lyfsöslulögum nr. 30 29. apríl 1963.

2. gr.

1. Sjúkrasamlög skulu greiða að fullu lyf, sem sjúklingum er nauðsynlegt að nota að staðaldri við eftirgreindum sjúkdómum, enda séu lyfin auðkennd með „100“ í gildandi lyfjaverðskrám:
 - a. Astma (aðeins innúðalyf)
 - b. Berklaveiki.
 - c. Briskirtilsbólga, langvarandi
 - d. Flogaveiki
 - e. Gláka
 - f. Hjartasjúkdómar (hjartaöng, hjartsláttartruflanir)
 - g. Hýperkalcaemia
 - h. Hýperkólesterólaemia, hýperlípópróteinaemia
 - i. Hýpóglýkaemia
 - j. Krabbamein
 - k. Skjaldkyrtilssjúkdómar
 - l. Sykursýki
 - m. Vöðvaslenufár (Myasthenia gravis)
 - n. Þvaghlaup (Diabetes inspidus)

2. Með samþykki trúnaðarlæknis samlags fyrir tiltekinn sjúkling um tiltekinn tíma, skal greiða að fullu lyf við eftirgreindum sjúkdómum, enda séu lyfin auðkennd með „B“ í lyfjaverðskrá.
 - a. Eirsýki (mb. Addisonii)
 - b. Geðveiki (neuroleptika og antidepressiva)
 - c. Mergruni (anæmia pernicioosa og alvarlegur fólínsýruskortur) (anæmia macrocytia Folinoparva)
 - d. Hjartaöng og hjartsláttartruflanir (beta adrenergir blokkarar)
 - e. Parkinsonssjúkdómur
 - f. Psoriasis og exem

Við afgreiðslu slíkra lyfja skal framvísa lyfjaskírteini, sem viðkomandi sjúkrasamslag gefur út. Slíkt skírteini skal bera með sér hvaða lyf greiðast að fullu, sé þeim ávísað á nafngreindan sjúkling.

3. Með samþykki trúnaðarlæknis samlags fyrir tiltekinn sjúkling, skal greiða að fullu lyf við eftirgreindum sjúkdómi:

- a. Meðfædd efnaskiptatrufun (fibrosis cystica (mucoviscidosis))

Við afgreiðslu slíkra lyfja skal framvísa lyfjaskírteini, sem viðkomandi sjúkrasamslag gefur út. Slíkt skírteini skal bera með sér hvaða lyf greiðast að fullu, sé þeim ávísað á nafngreindan sjúkling.

3. gr.

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 325 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
 2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 650 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar á fullt verð.
- Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

4. gr.

Eftirfarandi lyf falla ekki undir skilgreiningu 2. og 3. gr., enda séu þau auðkennd með „O“ í lyfjaverðskrá:

- a. Vitamín, að undanteknum stungulyfjum, B₁-vitamíni (sbr. e-lið 2. tl. 2. gr.), níkótínamíði og píridoxíni.
- b. Lystarhemjandi lyf og örvandi lyf (psykostimulantia)
- c. Getnaðarvarnarlyf
- d. Lyf, sem ekki eru greind í gildandi lyfjaverðskrá, nema auglýst hafi verið sérstaklega að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra sbr. 5. gr.

5. gr.

Heimilt er að greiða niður óskráð sérlyf, sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu sbr. 3. mgr. 54. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og fer um slíka greiðslu eftir þeim meginreglum, sem settar eru með reglugerð þessari.

Ráðuneytið gefur út skrá um slík undanþágulyf.

6. gr.

Lyfjanefnd gerir tillögur um greiðslutilhögun sérlyfja í samræmi við þær meginreglur, sem settar eru með reglugerð þessari.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatrygg'ngar nr. 67/1971 sbr. lög um breytingu á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 107/1974 með áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. júlí 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

31. júlí 1978.

Nr. 290.

REGLUGERÐ

um sauðfjárbaðanir.

1. gr.

Öllum þeim sem hafa sauðfé eða geitfé undir höndum er skylt að láta fara fram böðun á því eins og lög og reglur segja fyrir um.

Fjáreigendum er skylt að hafa allt fé sitt tiltækt til böðunar annað hvort í húsi eða í rétt, þegar baðstjóri segir fyrir um. Þeir skulu einnig hafa tiltæka baðþró, sundþró, þ. e. svo stóra og djúpa þró, að auðvelt sé að kaffæra kindina í baðinu án þess að hún nái fótfestu. Þróin skal þann veg útbúin að kindur geti sjálfar gengið upp úr henni á rúmgóðan sigpall.

Þess skal gætt að öll aðstaða sé haganleg svo fé verði fyrir sem minnstu hnjaski og aðstaða til verksins góð.

Eigandi og umráðamaður sauðfjár eða geitfjár skal hafa tiltækt nægilegt magn af vatni og baðlyfi því sem yfirvöld ákveða og nægan mannafla svo verkið geti gengið vel og greiðlega.

Baðstjóri skal hafa eftirlit með því að baðlyf sé blandað vatni eins og reglur mæla fyrir um.

Böðun skal fara fram innanhúss og þess gætt að fé sæti ekki hrottalegri meðferð.

Nú telur baðstjóri að aðstaða eða mannaflí sé ófullnægjandi og skal fjáreigandi þá bæta úr án tafar, ella hlutast baðstjóri til um að úr verði bætt á kostnað eiganda fjárins svo böðun verði framkvæmd á viðhlýtandi hátt.

2. gr.

Böðun sauðfjár skal fara fram annað hvert ár á tímanum 1. nóvember til 15. mars, eins og nánar greinir í lögum um sauðfjárbaðanir. Þó skal ekki hefja böðun fyrr en að lokinni haustslátrun í héraðinu og eigi fyrr en fé er almennt komið á hús.

Vanti sauðfé, þegar böðun fer fram á bænum eða ef fresta verður böðun á einhverju af fénu af óviðráðanlegum ástæðum, skal allt hið baðaða fé auðkennt og skal því haldið tryggilega aðskildu frá óböðuðu fé, þar til lokið er við að baða allt fé á bænum.

Sérstaka gát skal hafa á fé sem heimtist seint og gæta þess vandlega að það sé ekki sett saman við annað fé fyrr en það hefur verið baðað.